

Tækninefnd Vísinda- og tækniráðs

Alþingi

Erindi nr. P 130/2228

komudagur 28.04.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27.04.04

Málefni: Umsögn tækninefndar um frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 878. mál, og frumvarp til laga um búnaðarfræðslu, 879. mál

Tækninefnd Vísinda- og tækniráðs fjallaði um þessi frumvörp á fundi sínum þann 27. apríl 2004.

Hlutverk Vísinda- og tækniráðs er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Í stefnu Vísinda- og tækniráðs frá því í desember 2003 er fjallað um rannsóknir í háskólum og hlutverk opinberra rannsóknastofnana – hvort tveggja mikilvæga málaflokka. Í Vísinda- og tæknistefnunni er kveðið á um að endurskilgreina eigi skipulag og starfshætti opinberra rannsóknastofnana með það að markmiði að sameina krafta þeirra og tengja starfsemi þeirra betur við háskólana og atvinnulífið í landinu. Settur hefur verið á stofn starfshópur á vegum forsætisráðuneytisins sem er ætlað að vinna að þessu mikilvæga verkefni. Rannsóknir í háskólum og hlutverk opinberra rannsóknastofnana eru jafnframt til nánari umfjöllunar í tækninefnd og vísindanefnd. Tækninefnd leggur áherslu á að endurskoðun á stofnanaskipan landbúnaðarins verði í takt við þá vinnu sem nú fer fram á vettvangi Vísinda- og tækniráðs.

Tækninefnd telur óheppilegt að ekki hafi verið átt nánara samráð við nefndir Vísinda- og tækniráðs við undirbúning þeirra frumvarpa sem hér er veitt umsögn um.

Tækninefnd telur engu að síður að með sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri undir eina yfirstjórn sé stigið jákvætt skref er eftt geti rannsóknir og miðlun innan atvinnugreinarinnar til lengri tíma. Hins vegar telur tækninefnd að stíga ætti stærra skref og sameina alla landbúnaðarháskólana og RALA undir einni yfirstjórn með RALA sem rannsóknarvettvang. Telja má að með slíkri aðgerð megi ná aukinni hagræðingu auk þess að samræma undir einni stjórn alla landbúnaðarfræðslu. Þrátt fyrir slíka sameiningu má gera ráð fyrir að starfsemin verði áfram dreifð með svipuðum hætti og hún er í dag.


Tækninefnd bendir þó jafnframt á að mikilvægt er að allt rannsókn- og vísindaumhverfið virki sem ein heild. Hún telur því ekki æskilegt við endurskipulagningu starfsemi háskóla og rannsóknastofnana almennt að hólfa starfsemi algerlega niður eftir fagráðuneytum.

Tækninefnd gerir tillögu um breytingu á 2. gr. b. lið frumvarpsins um breytingar á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965. Eftir breytinguna hljóði greinin þannig (breytingin er feitletruð):

Tækninefnd Vísinda- og tækniráðs

“Hlutverk rannsóknasviðs Landbúnaðarháskóla Íslands er að afla og miðla þekkingu um fjölpætt hlutverk landbúnaðar sem **stuðli að aukinni tækniþróun, nýsköpun og framleiðni innan landbúnaðarins**. Meðal verkefna sviðsins eru rannsóknir er lúta að meðferð, ræktun og nýtingu lands, búfjár og ferskvatnsdýra til framleiðslu matvæla og annarrar atvinnu- og verðmætasköpunar, sem og rannsóknir er lúta að sjálfbærri og fjölpætti landnýtingu og umhverfismótun.”

F.h. tækninefndar



Hallgrímur Jónasson
formaður